

Kjörkampa-listi

Victor st. 6 herbergjahlús \$1500
Toronto st. 7 " nýttaku
hús með öllum þægindum 2800
\$500 niðurborgun.
Simcoe st. 7 herbergja
Beverly st. 7 herbergja
nýttaku hús á 3000
Home st. nálægt Portage,
25 feta lóðir, á \$25 fætið

W. P. RODGERS,

08 McIntyre Bk. Fón 6474.

Útsæði

VER ERUM STÆR-
STU ÚTÞEÐIS SAL-
AR Í VESTUR-CAN-
ADA. SÉR HVER
HYGGINN VERZL-
UNARMADR HEFIR
MCKENZIE'S ÚT-
SÆÐI. BIDJUD UM
MCKENZIE'S ÞIGG-
ID EKKERT ANNAD.
EF KAUPMADUR
YDAR HEFIR ÞAD
EKKI ÞÁ PANTID
FRÁ OSS.
VER GEFUM ÚT
ENSKAN VERD-
LISTA—"CATALOG"

A. E. MCKENZIE Co.

Limited

BRANDON, MANITOBA

CALGARY, ALBERTA

Adal Útsæðingmenn Vestur-Canada

FRÁ FOAM LAKE.

Í 19. tbl. Heimskringlu þá. er
all-löng ritgerð um Foam Lake ný-
lendu, og á að vera framhald frá
árinu 1907.

Ég ætla að segja nokkur orð um
ritgerð þessa, ef háttvirkur ritstj.
vill hja mér rúm í sínu heilræða
blaði Heimskringlu.

Um ritgerð þessa er það að
segja, að hún er auðsýnilega stíl-
uð í þeim tilgangi, að auðvirkja
þegar menn í annara augum, með
sónar slettum og skensi, og er

og á einum til skammar, að út-
sæði á svo byggðarmenn sína, að á-
að ólausu að öllu leyti, þó grein-
töð að sumu leyti sé óskiljanlegur
þ. þættingur, sem enginn getur til

án tekis. Það eru svo margir
menn, sem hédan hafa skrifað úr
byggðinni og um byggðina og lokið
lofsorði á framkomu manna hér,
að verðleikum, þá innflutningur

hósti í byggðina, fyrir ágæta hjál-
semi við hátækur og nauðstæddar
fjölskyldur, sem til nýlendunnar
hafa flutt. Og verður það ætíð

skoðað göfugmennska, og meau
flestar þiggjendur vera þeim þakk-
látir fyrir það, þó af afurðum kúa
og nauta hafi komið. Enda mun
enginn heilvirkur maður skamm-
ast sín fyrir, að hirta um kyr sín-
ar. eða komur að hirta um mál-
nytu sína, og veit ég ekki til, að
nokkrum hafi verið gefið óhróð-
arsnað fyrir það. Það væri langt
um fremur ástæða til, að kenna
þá við ásturenda kúanna, er vinnu
að því af kappi, að hafa dans og
aðrar samkomur í kúafjösi, en
setja sig upp á móti því, að sam-
komulag geti verið meðal byggð-
manna um að koma upp virðulegu
samkomuhúsi, sem byggðin geti öll
haft gugu af.

Annars er ritgerð þessi frá upp-
hafi eintómur óhróðursvættingur
um byggðina, og er ekki þess verð-
ug, að hún sé sundurliðuð til
svars.

Svo ætla ég að endingu að rás-
leggja þessum kyrhálaköngs og
jögurdrótninga grómar höfund, að
senda ekki ófar frá sér annan eins
óhróðursvætting um byggðarmenn
sína, því það er honum vandi en
ekki virðing. Ég ált, eða ég vona,
að hann sé vaxinn því að skrifa
það gagnstæða, og láti byggðar-
menn sjá, að hann vilji söma
þeirra í öllu, — þá munu þeir við-
urkenna hann kostgrip.

Ritað 19. febr. 1908.

G. Elías Guðmundsson.

SÍGRÍÐUR BJARNARDÓTTIR
GÍSLASON.

Stúrin minn stari' og augum
— stend á holti lugu —
yfir auðar brautir,
út á vötnin bláu.
Ljós og myrkur mættast,
myndir birtast — hverfa.
Svein og vaka sættast,
sönnu löndin erla.

Arin æfi vorrar,
eru blík í tári.
Aldir: ljóshrátt leiptur
— lítill halsins gári.
En þótt ei ver skiljum
að, sem frumhvót vekur,
— lifir aldrei endar,
að eins breyting tekur.

Eðlið tíðrá timans
titrar alheimsveldi.
Enginn dagur endar
alrökkurs í kveldi.
— Lit er eitt í öllu,
alt er sami máttur.
Eðlið lífins eining
óslitandi þáttur.

Ein og sama sólin —
sólmin lífs og dauða,
sáma ljósi lýsir
lönd og hafði auða.
Söm á sumri og vetri
— sorgum lífs og gleði.
Vermir barn í vöggu
— vin á dauðabedi.

Veit ég söl er vermd
vanga þína rjóða,
sætan koss þér sendir
Sigríður mín góða!
Eins nun bros þitt bjarta
blíndum augum skína
föðursins, sem fadmar
fagra minning þína.

Veit ég ást þín viðkvæm
vini í arm sér tekur
þegar tömleiks tregi
tár á hvarmi vekur.
Blítt að brjosti velur

barn og ástvin kærar,
eins og svásleg sunna
sumarmorgun ákæran.

Eitt er æst á jörðu:
— ein er sólin bjarta —
ást, sem alla tengir
ínt við lífins hjarta.
Hasta lögmál lífins
letrað kærleikstöfum
yfir eilíðinni
— auðum dauðans höfum.

Dortheia Dortheiason.

FRÁ ÍSLANDI.

Íslenskir stúdentar í K. hófu
— þar eru nú 38 stúdentar við
nám, 17 lesa lögfræði, 14 lekni-
fræði, 11 málfræði (5 norræna, 4
ensku og 2 þýsku), 5 mannvirkja-
fræði, 5 hagfræði, 1 listfræði, 1
heimspeki, 1 stærðfræði, 1 sagn-
fræði og 1 guðfræði. — (Íslending-
ar sýnað vera árnir að leggja
síðustu fræðigreina á hylluna, en
gefa sig meira að mikilvægum
fræðigreinum. Þetta er seint en
aldrei). — Íslenskt söngfélag er
nýstofnað í Khón. Söngstj. verður
Agúst Einarsson söngskáld. —
(Sígfríð Einarsson tónskáld stjór-
naði víðurkendum söngflokki úr
hópi íslenskra stúdenta, þegar
hann var í Khón, Síðan hann fór,
hefir líklega enginn söngflokkur
verið þar til meðal Íslendinga
þangað til nú. — Nýársnóttin
fællur öllum almennu á gættlega
við í geð (hún er nýfundarsamin af
hó, einum Indríða Einarssyni).
— Hún var leikin 9 kveld í röð í
Rvík um nýársnóttina. Ált af fyrir
húsfylli. Reykskíngar segja, að
aldrei hafi sést þar þannigur leik-
svið í nokkrum leik áður, sem nú í
"Nýársnóttinni". Ásgr. Jónsson
máleri gerði fyrirmynd af tjöldun-
um, en danskur málari, Karl
Lund, málaði eftir. Ásgr. hefir að
líkindum ekki getað lokið við það
verk, vegna ferðar sinnar til Róm).
Fyrsta kveldið var höf kallaður
fram og hlaut lóðklapp mikil. Á
nýársdagskveld var hann enn kall-
aður fram, og hefir varla heyrst
svo alment og hjartanlegt klapp,
sem þá lagði hann. Morgun
blómsveigum var fleygt upp til
hans, og ritað á þakkláti fyrir
"Nýársnóttina". Á einum stöð t.
d.: "Nýársnóttin, mig hefir hún
heillað".
(Eftir "Huginn", að undanteknu
því, sem sett er milli innlokunar-
merkja).

Stjórndar þell félagsins gat
þess á fundi í Montreal þ. 27. f.m.
að félagslið hefði ákveðið, að selja
allar eignir sínar í Saskatchewan
og Alberta fylkjum. Hr. Sise kvað
félagslið ekki kára sig um að keppa
við stjórnið þessara fylkja. Fund-
urinn veitti stjórnsmeð félagsins
umboð til þess að semja um sölu
eignauna við stjórnið fylkjanna.
Enn er ósamið um verðið.

Kennara

Íslenskan vantar við Diana S. D.
No. 1355 (Manitoba), frá 15. apríl
næstk., eða að minsta kosti frá 1.
maí, 16 eða 7 mánaði. Umsækj-
endur verða að hafa 3. eða 2. stigs
"Professional Teacher's Certificate"
og eru beðin að greina frá æfingu
sem kennari, og hvað mikil kaup
óskad er eftir.

Antler, Sask., P.O. Box 145.
MAGNUS TALM,
Sec'y-Treas.

Hefir þú borgað
Heimskringlu?

Gott kjöt.

Allir þurfa að borga "gott"
kjöt um þennan tíma árs. Og
ef þú vilt vera íssa um að fá
"gott" kjöt þá þarfaðu það frá

C. G. JOHNSON

Telefon 2631

1 borunni & Ellice og Langside St

Winnipeg Business College

FÉKK FÉRSTU VERÐLAUN Á SAINT

LOUIS SYNGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhafr., Vélritun, Símrítun,
Byr undr Stjórnþingustu o. fl. Kveld
og dag kenna. Sérstök tilboðin veitt
einstaklega. Starfsbókunar-akr frl.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.

LESTAGANGUR:

Fer frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. m.
og 4:15 e. h. Komur til W'peg — kl. 8:30
f. m. og 12:30 og 3:30 e. h. Fer frá W'peg
— kl. 9:15 f. m. og 1:30 og 2:45 e. h. Kom-
ur til Selkirk — kl. 10:20 f. m. 2:35 og
6:50 eftir hádeg.

Vörur teknar með vöðnum aðeins
á málunögum og föstudögum

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp
hið víðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

Óskar að allir sem nú þjást af
krabbameinum, skrifu sér. 2.
daga notkun meðalsins, leknar
af övortis eða innvortis krab-
bamein. Skrifðu strax til R. D.
Evans, Brandon, Man. 27-84

BRANDONS VINSCELASTA
GISTHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Í besta stað í borginni.
Lang. vega telefon 155.
Sample rooms.

725-731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-58

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinn
Tín Pool-borð. — Aiskonar vfn og vindlar.
Lenny & Hebb
Eigendur.

The Hotel Sutherland
Cor. Main og Sutherland Ave.
C. F. BUNNELL, eigandi. Winnipeg.

Kostar \$1.00 og \$1.50 á dag
TELEPHONE 348

Allir skemti- og Business-staðir í hon-
um nálægir með Strætisvögnum
sem hjá drynum renna.

Hugsid yður um.

Hugsid yður ásnægjuna, skemtunina og fróðleikinn sem
þér hafið af því, að vera í beinu sambandi við umheim-
inn, vikulega árið um kring, fyrir aðeins \$2.00. Þetta
er hverjum einum mögulegt, ef hann gerist kaupandi
Heimskringlu — \$2.00 um árið fyrirfram.

Heimskringla.

Er frjálýndasta, áttreiddasta og áhrifamesta íslenskt
blað í Vesturheimi. Sérhver sá sem fylgjast vill með
málum Íslendinga, hér og heima, jafnt og málum þessa
lands, ætti að kaupa blaðið. Nýir kaupendur fá íslensk-
ar skemti-sögur í kaupbæti. "Íslendingar viljum vér
allir vera"—og allir þér sem aðhyllist þá kenningu, kaup-
ið og lesið Heimskringlu. Skrifid eða fínid oss sem fyrst

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverkamenn, verka
menn. Auðunuból landleiðenda, þar sem nokkrast, griparokt
semjör og otagerð gera menn stjótlega auðuga.

ARID 1908

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði
yfir 19 bushel af ekrinni.
2. Bændur lögðu yfir \$1,615,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var \$13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Bónadarskóli var byggður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstadar í fylkinu. Það er nú frá \$6 til
\$50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru ennþá 20 milljón ekrur af byggilega óteknur
Abóðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANLANDNEMA
komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg
og fá fullar upplýsingar um heimilarréttarönd, og einnig um
önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, jarnbrautafélög-
um og landfélögum.

R. P. ROBLIN

Stjórnsformaður og Akuryrkjómala Ráðgjafi.

Skrifað eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 617 MAIN ST., WINNIPEG. Jas. Hartrey
77 YORK ST., TORONTO.

Heitir sá vindill sem allir "rykja". "Hvervagnar",
af því hann er það besta sem menn geta reykt.
Íslendingar! munið eftir að hafa um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi. Winnipeg

Redwood Lager
Extra Porter
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer
Winnipeg, Canada.

ADALHEIDUR 179
alveg þegjandi. Nú ætlaði hún að beta úr
sín öllu, og honum myndi nú innast þúsund sinu-
meira til hennar koma en áður.

Lady Canadap var vel ánoð með verk sitt.
Landsalurinn var hign skrautlegasti, og flandstjóld-
in fyrir herbergjunum. Hvergi bar skugga á. Og innan
um allt þetta líða skrautklæddar heðarkonur til og
frá. Garðurinn fyrir utan var einnig vel upplýstur.
Innan um trén hingu allavega litir lampar, sem
litu út eins og tungl í fyllingu, og bekkir voru hér
og hvar. Ált var sem í Paradís.

Hertoginn kom að vanda með þeim fyrstu.
Hann gekk yfir salinn með konu sinni og láðist
mjög að, hve smekkvíslega öllu var niður raddað.
Rétt strax yfirgaf hann konu sína, og fór sjálfur að
spila vax.

Hertoginn var mjög vel búin, og henni laust
sjálfrí hún aldrei hafa verið eins falleg og þetta
kveld. Hún dansaði við Sir Geoffrey, og svo það
hún haun að ganga með sér í gegn um öll viðtals-
herbergin. "Við skulum skoða tungsljófs Lady
Canadap", sagði hún.

Eitt af þessum herbergjum var sérstaklega fall-
egt. Hvít blómstur voru hingað og þangað og
hveitar marinarastytur stóðu á milli þeirra, og inn-
dell vatnsniður heyrðist þangað upp. Ljósinn notu
sín svo þrýðlega innan um allt skrautis og blómín.

Sir Geoffrey var hvorki mælskur né smekkmáður,
en samt skildi hann, að öllu þessu var dásamlega
fyrir komið. Hertoginn settist þar, sem best
heyrðist til vatnsniðsins, og hlustaði með athygli á
hann. Sir Geoffrey hélt, að henni þætti mikil til
sín koma, og talaði af allri þeirri mælsku, er hann
hafði yfir að ráða. Hún hlustaði brosaði á hann.

En hann hefði vífað, að hún ekki að eins tók ekki

SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

180
eltir einu einasta orði, sem hann sagði, heldur hugs-
aði um, hverjig hún ætti að fara að að koma hon-
um í burtu og ná í Caren lávarði, þá hefði honum að
líkindum ekki þótt eins mikil til hennar koma.

Alt í ennu smeri hún sér að honum og spurði:
"Hafði þér nýlega verið að lesa skáldskap?
Gangist þér nú strax við því", bætti hún við.

"Nei", sagði hann alveg forviða, "það hefði ég
vissulega ekki gert".
"Já, þú er ulla þér í raun og veru svona skáld-
legur. En nú verðið þér að fara. Allar kallegu
stólkurnar inni myndu hata mig, ef ég heldi yður
lengur hjá mér".

Sir Geoffrey brosti og varð mjög upp með sér af
orðum hertoginnunnar. Svó spurði hún hann alt í
einu, hvort hann myndi eftir Caren lávarði, "sem
við hitum hjá Rubinos", bætti hún við.

"Já, ég man eftir honum", sagði hann.
"Ef þér sjaðið hann í salnum, þá segið honum
að hertoginninn af Ormont vilji finna hann. Þér
segið honum, hvar mig sé að finna. En yður finst
nú ef til vill ekki skemtilegt að vera sendibóði",
sagði hún.

Sir Geoffrey gekk í burtu án þess að gruna neitt
og hertoginninn brosti, þegar hann var farinn.
"Það er merkilegt, hve hægt er að fara í kring
um þessa karlmann, ef maður nær tangarhaldi á
þeim eru þeir býðnari en nokkurt barn. Ég elást
um, að hann finni lávarðinn samt".

Margit gegnu framhjá henni, en hún ástáðist vera
svo sokkin niður í hugsanir sínar, að enginn vildi
trulla hana. — Hún sat þar sem dröting innanum öll
hún fögru hvítu blóm.

Nú heyrðist fótatak. Svó varð allt kyrt. Her-
toginninn vissi vel, hver það var, sem kom, en hún
lét ekki upp. Caren lávarður stóð og virti hana

ADALHEIDUR

181
fyrir sér. Hún var blá á svip, og það jók á fegnirð
hennar. Hún horfði dreymandi augum á vatnsfallið
úti fyrir.

Nú kom hann nær. Hann vissi varla, hvað
hann ætti að segja. "Skýldi það vera satt, að hún
hefði gert það eftir honum? Gat ekki skoð, að hún
sneri sér frá honum þegar hann ávarpaði hana, og
vildi alls ekki taka við hann. Ó, Nita, að þvilkur
kuldí skýldi nokkurntíma ríka á milli okkar. Og
einn sinni hefðu þau þó elskast svo heitt". Nú
setti hann kjark í sig. Hann hafði ekkert rangt
gert, þó hann hefði hafið konu sína með sér. Það
var ekki rétt af henni, að reidast af því. Hann
gekk til hennar.

"Yðar máð óskaði að sjá mig".
Hún smeri sér að honum brosaði, og rétti hon-
um hendina.

"Erðu þér sorgbittinn?" spurði hún í mjökum
lögum róm.

Hann var engin bleýð, heldur hugrakkur maður,
og það þurfti meira en að eins eitt brot til að yfir-
stiga hann.

"Sorgbittinn, hvers vegna?" spurði hann. Hon-
um datt ekki í hug að afsaka sig, þó hann hafði
haft móður sína og konu með sér til málans.

Hún stóð nú upp og gimsteinar hennar vörpuðu
geislum allt í kring um hana. Hún lagði hönd sína
á handlegg hans.

"Þér eruð sorgbittinn yfir að hafa dæmt mig
rangt".

Hann rofnaði, og hún hélt áfram: "Þér hafið
við skildum, að þér hafið gleymt mér, — gleymt
mér, Allan. Ensku stólkurnar eru rólegar og kald-
ar, alt öðru vísi en við Castilín komur. Ég ált yð-
ur sem gamlan vin minn, sem ég hélt að skildi mig.

SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

182
En þér hafið gleymt mér og umgangist mig sem ó-
kunnuga".

"Nei, Nita, það er ekki satt. Ég bet í minnu
heita hjarta sama vináttu til yðar".

"En þér misskiljið mig, og hafið konu yðar með
yður, — til að gæta yðar, að ég lymnda mér. Ó,
Allan, hvað þér eruð orðinn umbreyttur! Getum
við ekki verið vinir. Mér þykir svo mikil varið í,
að vera í vináttu við yður. En lívernig get ég
það, þegar þér hafið jónlagar hugsanir um mig?
Ef þér óskið þess, getum vér náttúrulega látið, sem
við höfum aldrei þekst. Ég get þá endað þennan
þægilega draum. Við getum líkað í hinum sama
heimi án þess að hittast nokkurntíma. Þér skuluð
alveg sjálfráður. En ef við höldum áfram vináttu
okkar, þá megið þér ekki danna mig jafn óþreitt
og nú. Þér verðið að muna eftir, að hím spanska
kona með sitt heita hjarta er öðruvísi skapi farin en
ensku konurnar".

Henni vöknði um augu, þegar hún sagði þetta.
"Ég ált það hún mestu virðingu og hamingju
fyrir mig, að vera vinur yðar, Nita. Þér ættuð að
vita það. Og nú skulum við ekki minnast meira á
þessa keðinlegu misklið".

"Ég skal gleyma þessu, ef þér hafiðlega lofið
mér, að það skuli ekki koma fyrir áftur. Mér er al-
veg sama um, hvað heimurinn heldur um mig, en
mér kállur illa, ef þér hugsnúð eitthvað ílt um mig.
Mér þætti miklu betra, að skilja nú við yður fyrir
fult og alt, en að þér deumdu mig jafn ranglega
áftur".

Ljósgeislarnir fellu á andlit hennar og breiddu
yfir það nokkurskonar tótráljóna. Hann sá mjög
eftir, að hafa sært hana. Blómsturilmurinn gerði
hann eins og utan við sig. Hann laut niður og
kysti á hönd hennar.